

Alþingi
Erindi nr. P 136/427
komudagur 11.12.2008



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2008

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, 209. mál.

Samtök iðnaðarins gera athugasemdir við að hafa ekki fengið ofangreint frumvarp til umsagnar en stærstu framleiðendur áfengra drykkja á Íslandi er félagsmenn þeirra.

Samtök iðnaðarins mótmæla harðlega þeirri aðferðafræði sem beitt er í frumvarpinu. Þau skora á nefndina að breyta frumvarpinu þannig að álagning ÁTVR á bjór verði ekki hækkuð.

Samtök iðnaðarins hafa mjög hvatt landsmenn til þess að velja íslenskt til þess að spara gjaldeyri. Íslenskir bjórframleiðendur hafa staðið sig vel í samkeppni við innflutning og fer markaðshlutdeild þeirra vaxandi. Er um og yfir 70%. Stjórnvöld eiga ekki að vinna gegn þessari þróun með gjaldheimtu sinni.

Það er óskynsamlegt að hækka álögur með þessum hætti á íslenskri framleiðslu sem á í fullu tré við innflutning. Hér er ekki lagt til að hygla íslenskum bjór heldur að hætta við hækkun áfengisgjalds af öllum bjór.

Gera má ráð fyrir að frumvarpið sé hugsað til þess að auka tekjur ÁTVR og þar með ríkissjóðs. Sé það talið nauðsynlegt er skynsamlegt að gera það þannig úr garði að sterkari drykkir en bjór beri þá hækkun.

Samkvæmt frumvarpinu er álagning ÁTVR á bjór að hækka um hvorki meira né minna en tæp 39%. Þegar áfengisgjaldahækkunin sem samþykkt var í þinginu í kvöld bætist við hækkar útsöluverð á bjór verulega. Ríkið er þá að taka til sín tekur 70% af útsöluverði til sín í formi áfengisgjalda, álagningar og virðisaukaskatts. Þetta getur ekki gengið.

Það er skylda ríkisins að ýta undir innlenda framleiðslu þegar unnt er að koma því við án mismununar gagnvart erlendum framleiðendum og innflytjendum. Það er klárlega hægt í þessu tilfalli og ber að gera.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
frankvæmdastjóri